

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

1. og 2. málslíður 16. gr. orðist svo:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 21 virkum degi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, voru sett, var orlof samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага almennt 15 virkir dagar. Var því fylgt sem aðalreglu í lögunum, en á hinn bóginn veitt heimild til lengra orlofs þeim til handa, er allengi höfðu starfað í þjónustu ríkisins. Á s. l. ári var orlof samkvæmt kjarasamningum lengt í 18 virka daga. Með frv. þessu er lagt til, að almenna reglan um orlof starfsmanna ríkisins verði í samræmi við þetta. Einnig er lagt til, að heimild sú, er lögin geyma um, að orlof megi vera allt að 18 virkum dögum, ef sérstaklega stendur á, verði allt að 21 virkum degi. Hins vegar hefur ekki verið talin ástæða til breytinga á orlofi þeirra starfsmanna ríkisins, er verið hafa í þjónustu þess lengur en 15 ár, en þeir hafa nú orlof í 24 virka daga.